

# Íslenski lífeyrissjóðurinn

Ársreikningur 2001

Íslenski lífeyrissjóðurinn  
Laugavegi 77  
155 Reykjavík

kt. 430990-2179

# Íslenski lífeyrissjóðurinn

Ársreikningur 2001

## Efnisyfirlit

Áritun endurskoðenda .....	2
Ársskýrsla stjórnar .....	3
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2001 .....	4
Efnahagsreikningur .....	5
Sjóðstreymi .....	6
Skýringar .....	7-12
Sérgreint yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2001 .....	13
Sérgreindur efnahagsreikningur .....	14

# Áritun endurskoðenda

---

Til stjórnar og sjóðfélaga í Íslenska lífeyrissjóðnum.

Við höfum endurskoðað ársreikning Íslenska lífeyrissjóðsins fyrir árið 2001. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju en samkvæmt henni skal skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægileg víska fáiist um að ársreikningurinn sé í meginatriðum annmarkalaus. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu lífeyrissjóðsins á árinu 2001, efnahag hans 31. desember 2001, og breytingu á handbæru fé á árinu 2001, í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir sjóðsins og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 16. maí 2002

**Deloitte & Touche hf.**

Sigrún Ragna Ólafsdóttir  
endurskoðandi

Gísli Guðmundsson  
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

Íslenski lífeyrissjóðurinn var stofnaður í júní 1990 og staðfesti fjármálaráðuneytið samþykktir sjóðsins þann 20. júní sama ár. Tilgangur sjóðsins samkvæmt 2. gr. samþykktar er að ávaxta iðgjöld sjóðfélaga og tryggja þeim og erfingjum þeirra lífeyri.

Á sjóðfélagafundi 30. júní 1998 var samþykkt að breyta Íslenska lífeyrissjóðnum í alhliða lífeyrissjóð samkvæmt ákvæðum laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Fjármálaráðuneytið veitti sjóðnum síðan leyfi til starfrækslu lífeyrissjóðs 20. október 1999.

Starfsemin á árinu fólst í að taka við iðgjöldum sjóðfélaga og ávaxta þau í samræmi við samþykktir og tilgang sjóðsins. Ávöxtun sjóðsins markast af því sem gerðist á fjármálamörkuðum á síðasta ári. Ekki hafa verið gerðar neinar breytingar á fjárfestingarstefnu að svo komnu enda ekki talið ráðlegt þar sem um langtímafjárfestingu er að ræða.

Hér fer á eftir nafnávöxtun, byggð á breytingum á birtu gengi sjóðanna.

	<u>2001</u>	<u>2000</u>	<u>1999</u>	<u>36 mán</u>
Líf I.....	-0,9%	-2,0%	20,6%	5,9%
Líf II.....	1,2%	-0,9%	16,3%	5,5%
Líf III.....	5,8%	3,5%	10,2%	6,5%

Virkir sjóðfélagar í árslok 2001 voru 5.197 talsins, en voru 4.954 í ársbyrjun.

Á árinu 2001 starfaði enginn starfsmaður hjá sjóðnum en samkvæmt rekstrarsamningi milli sjóðsins og Landsbankans Landsbréfa hf. fá Landsbankinn Landsbréf hf. þóknun fyrir umsjón og starfrækslu sjóðsins. Þóknunin má að hámarki vera 0,8% af eign sjóðsins í árslok. Á árinu 2001 er þessi kostnaður 0,62% af eign sjóðsins í árslok.

Stjórn og forstöðumaður Íslenska lífeyrissjóðsins fyrir hönd framkvæmdastjórnar staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2001 með undirritun sinni.

Reykjavík 16. maí 2002

## Í stjórn

Ingólfur Guðmundsson

Kristján Guðmundsson

Friðþjófur Johnson

Tryggvi Tryggvason

Jón Snorri Snorrason

## Forstöðumaður

Ásta Þórhallsdóttir

# Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2001

	Skýr.	2001	2000
<b>Iðgjöld</b>			
Iðgjöld sjóðfélaga .....		383.114.040	300.424.449
Iðgjöld launagreiðenda .....		487.618.581	526.835.388
Réttindaflutningur og endurgreiðslur .....		<u>(36.985.276)</u>	<u>(43.974.790)</u>
		<u>833.747.345</u>	<u>783.285.047</u>
<b>Lífeyrir</b>			
Lífeyrir .....	3	<u>76.681.544</u>	<u>59.757.555</u>
		<u>76.681.544</u>	<u>59.757.555</u>
<b>Fjárfestingartekjur</b>			
Tekjur af eignarhlutum .....		4.666.911	3.507.142
Vaxtatekjur og gengismunur .....		137.081.568	(2.868.938)
Breytingar á niðurfærslu eigna .....		(5.556.465)	(1.595.102)
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga .....		<u>(367.243.129)</u>	<u>(148.684.061)</u>
		<u>(231.051.115)</u>	<u>(149.640.959)</u>
<b>Fjárfestingargjöld</b>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		1.020.162	1.730.406
Önnur fjárfestingargjöld .....		15.111.298	18.244.778
		<u>16.131.460</u>	<u>19.975.184</u>
<b>Rekstrarkostnaður</b>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		2.040.323	865.203
Annar rekstrarkostnaður .....		695.562	668.128
		<u>2.735.885</u>	<u>1.533.331</u>
Hækkun á hreinni eign fyrir matsbreytingar .....		507.147.340	552.378.019
<b>Matsbreytingar</b> .....		<u>367.243.129</u>	<u>148.684.061</u>
<b>Hækkun á hreinni eign á árinu</b> .....		874.390.469	701.062.080
<b>Hrein eign frá fyrra ári</b> .....		<u>4.023.612.590</u>	<u>3.322.550.510</u>
<b>Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris</b> .....		<u>4.898.003.059</u>	<u>4.023.612.590</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2001

	Skýr.	31.12.2001	31.12.2000
<b>Eignir</b>			
<b>Fjárfestingar</b>			
Verðbréf með breytilegum tekjum .....	2,4-7	4.505.746.026	2.916.805.652
Verðbréf með föstum tekjum .....	2,8	392.152.896	1.121.650.248
		<u>4.897.898.922</u>	<u>4.038.455.900</u>
<b>Kröfur</b>			
Aðrar kröfur .....		9.840.693	555.958
		<u>9.840.693</u>	<u>555.958</u>
<b>Aðrar eignir</b>			
Sjóður og veltiinnlán .....		8.003.869	12.999.649
		<u>8.003.869</u>	<u>12.999.649</u>
	<b>Eignir</b>	<u>4.915.743.484</u>	<u>4.052.011.507</u>
<b>Skuldir</b>			
<b>Viðskiptaskuldir</b>			
Aðrar skuldir .....		17.740.425	28.398.916
		<u>17.740.425</u>	<u>28.398.916</u>
	<b>Skuldir</b>	<u>17.740.425</u>	<u>28.398.916</u>
	<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris alls</b>	<u>4.898.003.059</u>	<u>4.023.612.590</u>
<b>Greining á hreinni eign á deildir</b>			
Líf I .....		1.627.027.326	1.363.425.045
Líf II .....		2.277.645.861	1.864.343.435
Líf III .....		712.100.745	668.489.776
Sameign .....		281.229.127	127.354.334
		<u>4.898.003.059</u>	<u>4.023.612.590</u>

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2001

	2001	2000
<b>Inngreiðslur</b>		
Iðgjöld .....	833.747.344	783.285.047
Fjárfestingartekjur .....	24.818.981	1.012.913
Afborganir verðbréfa .....	197.569.680	97.778.928
Seld verðbréf með breytilegum tekjum .....	827.205.053	603.536.375
Seld verðbréf með föstum tekjum .....	2.984.271.768	1.851.919.690
<b>Inngreiðslur</b>	<u>4.867.612.827</u>	<u>3.337.532.953</u>
<b>Útgreiðslur</b>		
Lífeyrir .....	76.681.544	59.757.555
Fjárfestingargjöld .....	16.131.460	19.975.184
Rekstrarkostnaður án afskrifta .....	2.735.885	1.533.331
Aðrar útgreiðslur .....	19.943.215	131.822.445
<b>Útgreiðslur</b>	<u>115.492.104</u>	<u>213.088.514</u>
<b>Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu .....</b>	<u>4.752.120.722</u>	<u>3.124.444.439</u>
<b>Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting</b>		
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum .....	1.227.705.757	596.662.704
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum .....	3.529.410.745	2.517.535.055
<b>Ráðstöfun alls</b>	<u>4.757.116.502</u>	<u>3.114.197.759</u>
<b>Hækkun (lækkun) á sjóði og veltiinnlánnum .....</b>	(4.995.780)	10.246.680
<b>Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun .....</b>	<u>12.999.649</u>	<u>2.752.969</u>
<b>Sjóður og veltiinnlán í árslok .....</b>	<u>8.003.869</u>	<u>12.999.649</u>

# Skýringar

---

## Starfsemi

1. Íslenski lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og hefur til þess fullgilt starfsleyfi. Íslenski lífeyrissjóðurinn er aldurstengdur sjóður og býður sjóðfélögum sínum upp á þrjár brautir, Líf I - III, með mismunandi ávöxtunarmöguleikum. Einnig býður sjóðurinn upp á fjórar útgreiðsluleiðir og liggur munur útgreiðsluleiðanna í því hvernig iðgjald skiptist á milli sameignar og séreignar.

### Líf I:

Líf I stefnir að góðri langtímaávöxtun en sveiflur í ávöxtun geta orðið nokkrar yfir skemmra tímabil. Fjárfestingarstefnan mótast af því að leyfilegt er að nýta fjölbreytt tækifæri sem bjóðast á mörkuðum. Stefnt er að því að fjárfesta 45% af eignum í innlendum skuldabréfum, 25% í innlendum hlutabréfum og 30% í erlendum verðbréfum. Deildin hentar þeim sem eiga eftir 20 ár eða meira af söfnunartíma sínum.

### Líf II:

Líf II er ætluð þeim sem kjósa að taka hóflega áhættu með lífeyrissparnað sinn og ná þannig betri ávöxtun til lengri tíma. Stefnt er að því að fjárfesta 60% af eignum í innlendum skuldabréfum, 20% í innlendum hlutabréfum og 20% í erlendum verðbréfum. Deildin hentar þeim sem eiga amk. eftir 8-10 ár af söfnunartíma sínum.

### Líf III:

Líf III er áhættuminnsta deildin og eru sveiflur í ávöxtun þar litlar. Stefnt er að því að fjárfesta 80% af eignum í innlendum skuldabréfum, 10% í innlendum hlutabréfum og 10% í erlendum verðbréfum. Deildin hentar þeim sem eiga fá ár eftir af söfnunartíma sínum eða eru komnir á eftirlaun.

### Útgreiðsluleiðir:

Íslenski lífeyrissjóðurinn býður sjóðfélögum sínum upp á fjórar mismunandi útgreiðsluleiðir. Munur leiðanna liggur í því hvernig lögbundið iðgjald sjóðfélaga skiptist á milli sameignar, bundinnar séreignar og frjálsrar séreignar. Allt iðgjald umfram lögbundið lágmarksiðgjald fer í séreign. Frjáls séreign er laus til útborgunar frá 60 ára aldri og greiðist með jöfnum greiðslum á eigi skemmri tíma en 7 árum. Eftir 67 ára aldur er hún laus til útborgunar samkvæmt ákvörðun sjóðfélaga. Bundin séreign er laus til útborgunar frá 70 ára aldri og greiðist með jöfnum greiðslum til þess tíma er greiðslur úr sameign hefjast. Val útgreiðsluleiðar ræður því hvenær greiðslur úr sameign hefjast. Frjáls séreign og bundin séreign er að fullu eign sjóðfélagsins og erfist samkvæmt erfðalögum. Greiðsla lífeyris úr sameign hefst við 70 ára aldur, eða síðar eftir því hvaða útgreiðsluleið er valin, og greiðist til æviloka. Sameignin tryggir sjóðfélögum ævilífeyri, örorkulífeyri, makalífeyri og barnalífeyri samkvæmt samþykktum sjóðsins.

## Reikningsskilaaðferðir

2. Ársreikningurinn er í samræmi við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, reglur um ársreikninga lífeyrissjóða og góða reikningsskilavenju. Við gerð ársreikningsins er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári.



# Skýringar

Áhrif verðlagsbreytinga á rekstur og fjárhagsstöðu lífeyrissjóðsins eru reiknuð og færð í ársreikninginn miðað við hækkun vísitölu neysluverðs á árinu sem var 8,61%. Áhrif verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir mynda reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga að fjárhæð kr. 367.243.129. Hin reiknuðu áhrif verðlagsbreytinga eru færð á matsbreytingar í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.

Verðbréfaeign sjóðsins skiptist í verðbréf með breytilegum tekjum og verðbréf með föstum tekjum. Skilgreiningar á framangreindri flokkun ásamt matsaðferðum sem beitt er við hvern lið fjárfestinga eru eftirfarandi:

Verðbréf með breytilegum tekjum eru framseljanleg verðbréf svo sem hlutabréf, hlutdeildarskírteini og önnur slík verðbréf með breytilegum tekjum eða verðbréf sem háð eru afkomu útgefanda. Þau verðbréf með breytilegum tekjum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en það telst vera verðið á síðasta skráningardegi ársins. Óskráð bréf eru metin á framreiknuðu kaupverði eða áætluðu markaðsverði hvort sem lægra er.

Verðbréf með föstum tekjum eru framseljanleg skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum sem gefin eru út af lánastofnunum, opinberum aðilum eða öðrum félögum. Hér er átt við bréf sem t.d. eru bundin við vísitölu eða gengi gjaldmiðla hvort sem vextir eru fastir eða hafa tiltekna vaxtaviðmiðun. Skuldabréf sem skráð eru á opinberum verðbréfamarkaði eru færð á gildandi markaðsverði í árslok. Mat á öðrum skuldabréfum tekur mið af gildandi ávöxtunarkröfu á kaupdegi að frádreginni hæfilegri niðurfærslu. Verði breyting á markaðsvöxtum, sem talin er varanleg og auk þess talin hafa mikil áhrif, er upphaflegri ávöxtunarkröfu breytt til samræmis.

Vegna þeirrar áhættu sem tengd er verðbréfaeign eru verðbréf færð niður um 12,9 milljónir króna. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreikningur sem færður er til frádráttar verðbréfaeign í efnahagsreikningi. Eingöngu er um almenna niðurfærslu að ræða samkvæmt vinnureglu umsýsluaðila, þar sem samsetning skuldabréfaeignar gefur ekki tilefni til sérstakrar niðurfærslu. Almenna niðurfærslan hefur verið hækkuð um 5,6 milljónir króna frá fyrra ári vegna hækkunar á verðbréfaeign.

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok.

Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í skýringum hér á eftir.

## Lífeyrir

### 3. Lífeyrir greinist þannig:

	Líf I	Líf II	Líf III	Samtals 2001	Samtals 2000
Ellilífeyrir .....	3.000.000	9.489.675	61.755.266	74.244.941	58.834.946
Örorkulífeyrir .....	0	1.226.821	0	1.226.821	654.734
Makalífeyrir .....	8.221	1.058.560	0	1.066.781	267.874
Barnalífeyrir .....	0	0	143.001	143.001	0
	<u>3.008.221</u>	<u>11.775.056</u>	<u>61.898.267</u>	<u>76.681.544</u>	<u>59.757.554</u>

# Skýringar

## Verðbréf með breytilegum tekjum

### 4. Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

Eignarhlutar í innlendum hlutafélögum .....	308.004
Eignarhlutar í erlendum hlutafélögum .....	10.487.846
Hlutdeildarskírteini í innlendum verðbréfasjóðum .....	3.577.348.264
Hlutdeildarskírteini í erlendum verðbréfasjóðum .....	917.601.912
	<u>4.505.746.026</u>

### 5. Eignarhlutar í innlendum félögum greinast þannig:

	<u>Bókfært verð</u>
Skráð hlutafélög.....	307
Óskráð hlutafélög.....	307.697
Eignarhlutar í innlendum félögum alls.....	<u>308.004</u>

Eignarhlutar sjóðsins í óskráðum félögum eru metnir á því sem lægra er, framreiknað kaupverð eða áætlað markaðsverð.

### 6. Eignarhlutar í erlendum félögum greinast þannig:

	<u>Hlutdeild</u>	<u>Hlutir</u>	<u>Bókfært verð</u>
Decode .....	Óveruleg	8.035	8.107.370
Netverk Ltd.....	Óveruleg	16.000	1.647.360
OZ interactive Inc.....	Óveruleg	35.602	733.116
Eignarhlutar í erlendum félögum alls .....			<u>10.487.846</u>
Hlutabréfaeign alls .....			<u>10.795.850</u>

Erlend óskráð hlutabréf í Netverk Ltd. og OZ interactive Inc. eru metin á áætluðu markaðsverði.

### 7. Hlutdeildarskírteini greinast þannig:

Innlendir verðbréfasjóðir:

Innlendir verðbréfasjóðir með skuldabréfum .....	3.062.446.750
Innlendir verðbréfasjóðir með hlutabréfum .....	514.901.514
Hlutdeildarskírteini í innlendum verðbréfasjóðum alls.....	<u>3.577.348.264</u>

Erlendir verðbréfasjóðir:

Hlutdeildarskírteini í erlendum verðbréfasjóðum alls.....	917.601.912
Hlutdeildarskírteini alls .....	<u>4.494.950.176</u>

# Skýringar

Inneignir í innlendum verðbréfasjóðum eru allar í Landssjóði hf., sem rekinn er af Landsbanka Íslands hf. Greinist innstæðan í mismunandi deildir sjóðsins en þær eru hver um sig með sjálfstæðan fjárhag og hafa mismunandi fjárfestingastefnu. Helstu innstæður eru í Markaðsbréfum nr. 3 og 4, Reiðubréfum og Úrvalsbréfum.

Inneignir í erlendum verðbréfasjóðum greinast á allt að 19 sjóði sem allir eru reknir af viðurkenndum fjármálastofnunum. Helstu innstæður eru í Fortuna og Alliance verðbréfasjóðunum.

## Verðbréf með föstum tekjum

8. Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

Skuldabréf með ríkisábyrgð:

Önnur skuldabréf með ríkisábyrgð .....	21.443.838
	<u>21.443.838</u>
Skuldabréf sveitarfélaga .....	26.290.957
Skuldabréf lánastofnana .....	294.489.524
Skuldabréf eignarleigufyrirtækja .....	3.642.460
Skuldabréf fyrirtækja .....	<u>58.478.187</u>
Samtals án niðurfærslu.....	404.344.966
Niðurfærsla verðbréfa.....	<u>(12.192.070)</u>
Verðbréf með föstum tekjum alls .....	<u><u>392.152.896</u></u>

## Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

9. Fjárfestingar skiptast þannig eftir gjaldmiðlum:

	Í íslenskum krónum	Í erlendum gjaldmiðlum	Samtals
Verðbréf með breytilegum tekjum .....	3.577.656.268	928.089.758	4.505.746.026
Verðbréf með föstum tekjum .....	321.456.705	70.696.191	392.152.896
	<u>3.899.112.973</u>	<u>998.785.949</u>	<u>4.897.898.922</u>
Hlutfallsleg skipting .....	80%	20%	100%

Skipting fjárfestinga eftir erlendum gjaldmiðlum:

	Verðbréf m/ breytil. tekjum	Verðbréf m/ föstum tekjum	Hlutfall
Í GBP.....	0	1.560.940	0,2%
Í USD .....	457.129.900	69.135.251	52,7%
Í Evrum.....	470.959.858	0	47,2%
	<u>928.089.758</u>	<u>70.696.191</u>	<u>100,0%</u>

# Skýringar

## Markaðsverð fjárfestinga sjóðsins

10. Verðbréf með föstum tekjum eru eignfærð á markaðsverði í árslok. Væru þessi verðbréf færð til eignar miðað við ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi væri mat þeirra 1,7 milljónum króna lægra og hrein eign til greiðslulífeyris þeim mun lægri.

## Lífeyrisskuldbindingar

11. Tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum sjóðsins:

Samkvæmt niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar á stöðu sameignardeildar lífeyrissjóðsins í árslok 2001 miðað við 3,5% ársvexti þá á sjóðurinn 98,6 milljónir króna umfram áfallnar skuldbindingar eða 46,2% og 187 milljónir króna umfram heildarskuldbindingar eða 8,3%.

	Áfallin skuldbinding m.kr.	Framtíðar- skuldbinding m.kr.	Heildar- skuldbinding m.kr.
Eignir			
Hrein eign til greiðslu lífeyris.....	281,2		281,2
Núvirði verðbréfa, hækkun.....	31,7		31,7
Lækkun vegna fjárfestingargjalda.....	(0,7)		(0,7)
Núvirði framtíðariðgjalda.....		2.117,7	2.117,7
	<u>312,2</u>	<u>2.117,7</u>	<u>2.429,9</u>
Skuldbindingar			
Ellilífeyrir .....	87,4	784,6	872,0
Örorkulífeyrir.....	95,2	918,4	1.013,6
Makalífeyrir.....	28,9	217,9	246,8
Barnalífeyrir.....	,0	67,8	67,8
Rekstrarkostnaður .....	2,1	40,6	42,7
	<u>213,6</u>	<u>2.029,3</u>	<u>2.242,9</u>
Eignir umfram skuldbindingar .....	98,6	88,4	187,0
Í hlutfalli af skuldbindingum .....	46,2%	4,4%	8,3%

## Ábyrgðir

12. Lífeyrissjóðurinn hefur gert framvirka gjaldmiðlasamninga við lánastofnanir. Samningarnir eru gerðir í þeim tilgangi að takmarka gengisáhættu vegna eigna sjóðsins. Miðað við gengi í árslok hefur sjóðurinn skuldbundið sig til gjaldmiðlaviðskipta fyrir um 409 millj. kr. Staða þessa samninga í árslok var jákvæð um 8,3 millj. kr. og hafa áhrif þeirra verið færð inn í rekstur sjóðsins til hækkunar á vaxtatekjum og gengismun og til eignar á liðinn aðrar eignir í ársreikningi.

# Skýringar

## Kennitölur

13. Fimm ára yfirlit um kennitölur sjóðsins samkvæmt reglum um ársreikninga lífeyrissjóða

	2001	2000	1999	1998	1997
Hrein raunávöxtun.....	(5,47%)	(4,60%)	9,93%	8,96%	4,86%
Meðaltal hreinnar raun- ávöxtunar sl. 5 ár .....	2,52%	4,96%	6,99%	6,22%	5,58%
Hlutfallsleg skipting annarra fjárfestinga:					
Skráð verðbr. m. brl. tekjum	90,48%	71,50%	66,66%		
Skráð verðbr. m. föstum tekjum	7,94%	24,78%	32,96%		
Óskráð verðbr. m. brl. tekjum	1,29%	0,72%	0,38%		
Óskráð verðbr. m. föstum tekjum	0,29%	3,00%	0,00%		
Hlutfallsleg skipting annarra fjárfestinga eftir gjaldmiðlum:					
Eignir í íslenskum krónum .....	79,61%	81,23%	81,26%		
Eignir í erl. gjaldmiðlum .....	20,39%	18,77%	18,74%		
Fjöldi sjóðfélaga.....	3.689	3.236	2.642	1.495	877
Fjöldi lífeyrisþega.....	51	44	40	29	14
Hlutfallsleg skipting lífeyris:					
Eftirlaun .....	98,46%	98,23%	98,23%	99,57%	99,38%
Örorkulífeyrir .....	1,10%	1,31%	0,22%	0,08%	0,00%
Makalífeyrir .....	0,45%	0,22%	0,24%	0,00%	0,00%
Barnalífeyrir .....	0,00%	0,00%	1,31%	0,34%	0,62%
Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt:					
Hrein eign umfram					
heildarskuldbindingar .....	8,3%	6,6%			
Hrein eign umfram					
áfallnar skuldbindingar .....	46,2%	36,4%			

## Deildarskipt yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2001

	Líf I	Líf II	Líf III	Sameign	Samtals
<b>Iðgjöld</b>					
Iðgjöld sjóðfélaga .....	122.882.051	174.739.888	29.394.411	56.097.690	383.114.040
Iðgjöld launagreiðenda .....	141.022.751	212.935.495	50.396.394	83.263.941	487.618.580
Réttindaflutningur og endurgreiðslur .....	(3.562.187)	(13.474.281)	(19.948.808)	0	(36.985.276)
	<u>260.342.615</u>	<u>374.201.101</u>	<u>59.841.997</u>	<u>139.361.631</u>	<u>833.747.344</u>
<b>Lífeyrir</b>					
Lífeyrir .....	3.008.221	11.775.056	61.898.267	0	76.681.544
	<u>3.008.221</u>	<u>11.775.056</u>	<u>61.898.267</u>	<u>0</u>	<u>76.681.544</u>
<b>Fjárfestingartekjur</b>					
Tekjur af eignarhlutum .....	2.057.619	1.627.358	440.746	541.188	4.666.911
Vaxtatekjur og gengismunur .....	14.762.223	60.105.081	47.731.646	14.482.618	137.081.568
Breytingar á niðurfærslu eigna .....	(1.878.464)	(2.793.811)	(587.227)	(296.963)	(5.556.465)
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga .....	(123.096.884)	(170.497.942)	(56.829.660)	(16.818.643)	(367.243.129)
	<u>(108.155.506)</u>	<u>(111.559.314)</u>	<u>(9.244.495)</u>	<u>(2.091.800)</u>	<u>(231.051.115)</u>
<b>Fjárfestingargjöld</b>					
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	347.626	469.494	158.614	44.427	1.020.162
Önnur fjárfestingargjöld .....	7.385.558	6.368.280	1.357.461	0	15.111.298
	<u>7.733.184</u>	<u>6.837.773</u>	<u>1.516.075</u>	<u>44.427</u>	<u>16.131.460</u>
<b>Rekstrarkostnaður</b>					
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	695.253	938.987	317.229	88.855	2.040.323
Annar rekstrarkostnaður .....	245.053	285.488	84.622	80.399	695.562
	<u>940.306</u>	<u>1.224.475</u>	<u>401.851</u>	<u>169.254</u>	<u>2.735.885</u>
Hækkun á hreinni eign fyrir matsbr. ....	140.505.398	242.804.483	(13.218.691)	137.056.150	507.147.340
<b>Matsbreytingar</b> .....	<u>123.096.884</u>	<u>170.497.942</u>	<u>56.829.660</u>	<u>16.818.643</u>	<u>367.243.129</u>
<b>Hækkun á hreinni eign á árinu</b> .....	263.602.282	413.302.425	43.610.969	153.874.793	874.390.469
<b>Hrein eign frá fyrra ári</b> .....	<u>1.363.425.045</u>	<u>1.864.343.435</u>	<u>668.489.776</u>	<u>127.354.334</u>	<u>4.023.612.590</u>
<b>Hrein eign í árslok til gr. lífeyris</b> .....	<u>1.627.027.326</u>	<u>2.277.645.861</u>	<u>712.100.745</u>	<u>281.229.127</u>	<u>4.898.003.059</u>

## Deildarskiptur efnahagsreikningur 31. desember 2001

	Líf I	Líf II	Líf III	Sameign	Samtals
<b>Eignir</b>					
<b>Fjárfestingar</b>					
Verðbréf með breytilegum tekjum .....	1.532.482.641	2.056.475.355	650.909.487	265.878.543	4.505.746.026
Verðbréf með föstum tekjum .....	143.332.034	182.444.055	66.376.807	0	392.152.896
<b>Fjárfestingar</b>	<u>1.675.814.675</u>	<u>2.238.919.410</u>	<u>717.286.294</u>	<u>265.878.543</u>	<u>4.897.898.922</u>
<b>Kröfur</b>					
Kröfur á samst.- og hlutd.félög .....	(53.571.804)	39.512.833	(1.335.979)	15.394.950	0
Aðrar kröfur .....	5.146.149	4.324.717	369.827	0	9.840.693
<b>Kröfur</b>	<u>(48.425.655)</u>	<u>43.837.550</u>	<u>(966.152)</u>	<u>15.394.950</u>	<u>9.840.693</u>
<b>Aðrar eignir</b>					
Sjóður og veltiinnlán .....	7.669.136	220.951	57.808	55.975	8.003.869
<b>Aðrar eignir</b>	<u>7.669.136</u>	<u>220.951</u>	<u>57.808</u>	<u>55.975</u>	<u>8.003.869</u>
<b>Eignir</b>	<u>1.635.058.155</u>	<u>2.282.977.911</u>	<u>716.377.949</u>	<u>281.329.469</u>	<u>4.915.743.484</u>
<b>Skuldir</b>					
<b>Viðskiptaskuldir</b>					
Aðrar skuldir .....	8.030.829	5.332.050	4.277.204	100.341	17.740.425
<b>Skuldir</b>	<u>8.030.829</u>	<u>5.332.050</u>	<u>4.277.204</u>	<u>100.341</u>	<u>17.740.425</u>
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris alls</b>	<u>1.627.027.326</u>	<u>2.277.645.861</u>	<u>712.100.745</u>	<u>281.229.127</u>	<u>4.898.003.059</u>